



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
30. desember 2020

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Fyrsti ársfjórðungur 2021

- *Á fyrsta ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir 40-60 ma.kr. að söluvirði¹.*
- *Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa og munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hve mikið verður selt í hverjum flokki.*
- *RIKB 21 0805 fellur úr tvíhliða viðskiptavakt í febrúar.*

Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2021 var tilkynnt að ríkissjóður hefði fjölbreytta möguleika til að mæta lánsfjárbörf ársins 2021. Áfram mun ríkisbréfaútgáfa verða uppistaðan í fjármögnun ríkissjóðs en ásamt erlendri útgáfu þá kemur einnig til greina að auka vægi ríkisvixla. Jafnframt getur ríkissjóður gengið á bæði innlendar og erlendar innstæður á viðskiptareikningi sínum hjá Seðlabanka Íslands. Einnig mun ríkissjóður taka lán hjá ÍL-sjóði en sjóðurinn hefur yfir umtalsverðu lausu fé að ráða. Aðrar fjármögnunarleiðir eru jafnframt mögulegar fyrir ríkissjóð.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á fyrsta ársfjórðungi er áætluð á bilinu **40-60 ma.kr.** Vegna þeirrar óvissu sem ríkir í efnahagsmálum um þessar mundir er ekki hægt að birta áætlaða hámarksútgáfu í einstökum flokkum á ársfjórðungnum. Mikilvægt er að ríkissjóður hafi svigrúm til að ákvarða útgáfu á milli flokka eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Leitast verður við að bjóða út bæði stutta og langa ríkisbréfaflokka í útboðum.

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól þ.e. verð með verðbótum án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Uppkaup – skiptiútboð

Framhald verður á uppkaupum og skiptiútboðum á RIKS 21 0414. Möguleiki er á uppkaupum eða skiptiútboðum þegar RIKB 21 0805 fellur úr tvíhliða viðskiptavakt í febrúar nk. Ávöxtunarkjör, þátttaka og aðstæður á markaði munu ráða því hvort og þá hvaða markflokkar verða boðnir út í skiptiútboðum og hversu mikið verður selt með þeim hætti.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Vegna þeirrar óvissu sem enn ríkir um efnahagsleg áhrif heimsfaraldursins er óljóst hversu mikið af lánsfjárþörfinni ríkissjóður þarf annars vegar til skemmri tíma og hins vegar til lengri tíma. Ríkissjóður verður því áfram virkur útgefandi á vixlamarkaði.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.